

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 24. apríl 2026.

Mál nr. 208/2026:

Ákærvaldið

(Árni Bergur Sigurðsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Skýrslugjöf. Vitni.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem X var synjað um heimild til að leiða brotþola og eitt vitni aftur til skýrslugjafar við endurflutning málsins og jafnframt synjað um að leiða eitt nýtt vitni í málinu.

Úrskurður Landsréttar

Halldór Halldórsson fyrrverandi héraðsdómari, Hjördís Halldórsdóttir lögmaður og Hrefna Friðriksdóttir prófessor, kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 16. mars 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 2026 í málinu nr. S-[...]/2024 þar sem varnaraðila var synjað um að leiða A, B og C fyrir dóm sem vitni. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili krefst þess að henni verði heimilað að leiða A, B og C sem vitni við endurflutning málsins. Einnig var í kærinni gerð krafa um að reglulegir dómamarar við Landsrétt vikju sæti við úrlausn kærumáls þessa. Var fallist á það með úrskurði réttarins 18. mars 2026. Loks krefst varnaraðili þess að Landsréttur afli hljóðupptaka við aðalmeðferð málsins í héraði, sem sönnunargagna við úrlausn kærumálsins.

Niðurstaða

- Í hinum kærða úrskurði er gerð ítarlega grein fyrir forsögu málsins og málsástæðum aðila í þessum þætti. Þá liggja fyrir Landsrétti þau gögn sem lögð hafa verið fram í héraði að því leyti sem við koma kærumáli þessu, ásamt hljóð- og myndupptökum af þeim skýrslum sem fóru fram við aðalmeðferð málsins 16. janúar sl.

- 5 Við aðalmeðferð í máli þessu gáfu varnaraðili og brotaþoli skýrslu fyrir héraðsdómi ásamt vitninu B. Að loknum skýrslutökum fór fram munnlegur málflutningur og var málið dómtekið í kjölfarið. Fram kemur í þingbók málsins í héraði að boðað hafi verið til dómsuppsögu 6. febrúar sl. en fyrir liggur að ekki hafi tekist að kveða upp dóm innan fjögurra vikna frá dómstöku. Sökum þess hafi dómari boðað til endurflutnings málsins samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 í kjölfar því að þess var krafist af varnaraðila með tölvupósti til dómsins 18. febrúar sl.
- 6 Í sama tölvupósti krafðist varnaraðili þess að brotaþoli og vitnið B kæmu aftur fyrir héraðsdóm og gæfu skýrslu fyrir dóminum að nýju. Ásamt því krafðist varnaraðili þess að C yrði leidd sem vitni í málinu.
- 7 Með hinum kærða úrskurði var varnaraðila synjað um að leiða brotaþola og vitnið B aftur til skýrslugjafar við endurflutning málsins og jafnframt var henni synjað um að leiða C sem vitni í málinu.
- 8 Í 1. mgr. 166. gr. laga nr. 88/2008 er kveðið á um að við aðalmeðferð máls fari að jafnaði fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls. Eins og ráða má af því ákvæði og öðrum ákvæðum 166. gr. laga nr. 88/2008 teljast skýrslutökur hluti aðalmeðferðar sakamáls fyrir dómi, sem og munnlegur málflutningur.
- 9 Í 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 segir að hafi dómur ekki verið kveðinn upp í máli sem var munnlega flutt innan fjögurra vikna frá því að það var dómtekið skuli það flutt að nýju nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í dómafordæmum Hæstaréttar hefur rétturinn talið að í málum sem áfrýjað hefur verið til réttarins, þar sem skilyrðum 1. mgr. 184. gr. hefur ekki verið fullnægt, verði ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 203/2010, 21. júní 2010 í máli nr. 225/2010, 7. júní 2012 í máli nr. 132/2012 og 3. október 2013 í máli nr. 212/2013. Í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála er samhljóða ákvæði 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 að finna í 1. mgr. 115. gr. Hefur Hæstiréttur í samskonar einkamálum, þ.e. þar sem skilyrði 1. mgr. 115. gr. voru ekki talin uppfyllt, vísað til þess að ekki verði hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar 18. febrúar 2016 í máli nr. 634/2015.
- 10 Af orðalagi 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 má ráða að í þeim tilvikum sem lengri tími en fjórar vikur hafa liðið frá dómstöku málsins sé nauðsynlegt að mál sé flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Hins vegar verður ekki leitt af orðalagi ákvæðisins að aðalmeðferð verði þá endurtekin, þannig að skýrslutökur fari fram að nýju, auk munnlegs flutnings málsins. Telji dómari eftir dómstöku málsins nauðsynlegt að fram komi frekari gögn ellegar að spyrja þurfi ákærða eða vitni nánar skal hann kveðja aðila fyrir dóm og eftir atvikum leggja spurningar fyrir þá og beina því til ákæranda að afla frekari gagna eða leiða tiltekin vitni fyrir dóm, sbr. 168. gr. laga nr.

88/2008. Eftir atvikum getur dómara borið að beita þeim úrræðum sem ákvæði 168. gr. laga nr. 88/2008 heimilar honum að grípa til, og kann brestur þar á að leiða til þess að héraðsdómur sé ómerktur og máli vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, sbr. dóm Hæstaréttar 22. október 2009 í máli nr. 97/2009. Fyrir liggur að í málinu er um að ræða kröfu varnaraðila, en ekki þá aðstöðu sem í 168. gr. laga nr. 88/2008 greinir. Lög nr. 88/2008 hamla því ekki að ákærvaldið eða aðilar sakamáls setji fram kröfu á borð við þá sem varnaraðili gerir í málinu, og dómari getur eftir atvikum fallist á slíka kröfu í ljósi þeirra heimilda sem hann hefur, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 8. desember 2005 í máli nr. 512/2005. Má ætla að á slíkt reyni í undantekningartilvikum og þá fyrst og fremst þegar fram koma nýjar upplýsingar eftir að sönnunarfærslu er lokið sem líklegt þykir að kunni að hafa áhrif á úrslit máls.

- 11 Krafa varnaraðila byggir á þeim röksemdum að eftir að málið var dómtekið hafi verjanda borist upplýsingar um að brotþoli hafi gert tilraun til að hafa áhrif á framburð vitnisins B. Þá hefðu komið fram nýjar upplýsingar við aðalmeðferð málsins, sem fólust í því að C hefði komið að ritun þess bréfs til Dómstólasýslunnar sem liggur fyrir í málinu. Sökum þess hafi forsendur fyrir úrskurði Landsréttar í máli nr. 433/2025 brostið.
- 12 Krafa varnaraðila um að brotþoli og vitnið B gefi skýrslu að nýju þykir ekki studd haldbærum gögnum eða rökum. Að því gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er hann staðfestur að þessu leyti.
- 13 Um kröfu varnaraðila um að C verði leidd fyrir dóm sem vitni er þess að gæta að í úrskurði Landsréttar í máli nr. 433/2025 var fallist á þá kröfu varnaraðila að lagt yrði fram framangreint bréf til Dómstólasýslunnar, sem staðfest hefur verið að barst stofnuninni, þar sem óvarlegt þótti að slá því föstu að skjalið væri bersýnilega tilgangslaut til sönnunar. Við aðalmeðferð málsins bar brotþoli um að C hefði komið að ritun bréfsins. Þrátt fyrir það verður fallist á það með héraðsdómi að vætti C, væri ekki til þess fallið að varpa frekara ljósi á málsatvik og það sakarefni sem ákært er fyrir, óháð því hvort hún hafi komið að ritun bréfsins eða ekki.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdómur Reykjavíkur 13. mars 2026.

Mál þetta höfðaði Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu með ákæru 28. maí 2024 á hendur ákærðu, X, kt. [...], fyrir ærumeiðingar, ærumeiðandi aðdróttanir og fyrir að hafa haft í frammi ærumeiðandi aðdróttanir gegn betri vitund gagnvart A héraðsdómara við Héraðsdóm [...], með því að hafa fimmtudaginn 9. febrúar og föstudaginn 10. febrúar 2023, í kjölfar þess að A kvað upp dóm í máli ákærðu,

skrifað eftirfarandi ummæli um A á Facebook síðu sinni sem voru til þess fallin að meiða æru A og dróttu nokkru sem var til þess fallið að verða virðingu hennar til hnekkis:

1. Fimmtudaginn 9. febrúar: „Viðbjóðslegur dómur og lauslát mella gefur sinn dóm: Nú var ég sakfelld í dag af lauslátri konu sem seldi bliðu sína til að komast í stöðu dómara, A er mella [...].“ „Fyrir mér er þessi dómari lauslát mella sem hefur selt sálu sína, og því verður svarað.“
2. Föstudaginn 10. febrúar: „Dómarinn tekur ekki mark á vitnum og falsar vitnisburði sem komu skýrt fram í dómsal. Fyrir mér er þetta glæpsamleg hegðun og þarna augljóslega verið að misnota dómvaldið til að hefna sín á borgurum, ég skulda þessari lauslátu konu ekki neitt [...].“
3. Föstudaginn 10. febrúar: „Þarna er augljóslega verið að misnota ríkisvaldið dómskerfið, en þess má geta að fv. rannsóknarlögreglumaður hafði samband við mig fyrir 2. vikum síðan til að tilkynna mér það að ég myndi tapa málinu og A dómari væri með í því plotti, nú hefur það komið á daginn.“ „[...] ég skulda þessu siðblinda hyski sem hagræðir dómum eftir beiðni, ekki neitt.“

Í ákæru er ofangreind háttsemi talin varða við 234. gr., 235. gr. og 1. mgr. 236. gr., allt sbr. b. lið 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

I.

Með úrskurði dómstjóra Héraðsdóms [...] 4. júní 2024 viku allir dómamarar við dómstólinn sæti í málinu. Í framhaldi var Jónasi Jóhannssyni dómara við Héraðsdóm Reykjaness falin meðferð máls. Með úrskurði 10. desember 2024 vék sami dómari sæti í málinu. Þeim úrskurði var snúið við með landsréttarúrskurði 9. janúar 2025. Með héraðsdómsúrskurði 14. febrúar 2025 var ákveðið að þinghald til aðalmeðferðar máls skyldi háð fyrir luktum dyrum. Með sama úrskurði var ákærðu heimilað að leiða fyrir dóm sem vitni B [...], en synjað um heimild til að leiða tvo aðra nafngreinda einstaklinga. Sá úrskurður var einnig kærður til Landsréttar. Með landsréttarúrskurði 30. apríl 2025 var ákveðið að þinghald til aðalmeðferðar skuli háð fyrir opnum dyrum, en staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að synja ákærðu um heimild til að leiða einstaklingana tvo. Með héraðsdómsúrskurði 28. maí 2025 var Vilhjálmur Hans Vilhjálmssyni lögmanni A synjað um aðild að málflytningu um þann ágreining ákæruvaldsins og ákærðu hvort ákærðu væri heimilt að leggja fram óundirritað bréf 13. júlí 2018 til Dómstólasýslunnar og leiða sjö nafngreinda einstaklinga sem vitni. Með héraðsdómsúrskurði 5. júní 2025 var ákærðu synjað um heimild til að leggja bréfið fram og synjað um heimild til að leiða átta nafngreinda einstaklinga fyrir dóm. Með úrskurði Landsréttar 4. september í máli nr. 433/2025 var staðfest niðurstaða héraðsdóms um vitnin átta, en ákærðu heimilað að leggja fram hið óundirritaða bréf. Við svo búið var málið tækt til efnismeðferðar. Að lokinni aðalmeðferð og munnlegum málflytningu 16. janúar 2026 var málið dómtekið. Vegna veikinda dómara varð dómur ekki kveðinn upp innan fjögurra vikna, svo sem ráð er fyrir gert í 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en þar segir að hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku skuli það „flutt að nýju“ nema dómari og aðilar telji það óþarft. Ákærða er ekki reiðubúin að lýsa því yfir að hún telji óþarft að flytja málið munnlega að nýju og krefst þess „að við endurflytning málsins fái C leidd sem vitni, og jafnframt að vitnin A og B fái leidd að nýju“. Sú krafa var tekin fyrir á dómþingi 6. mars sl., henni mótmælt af hálfu ákæruvaldsins og þess krafist að synjað verði um kröfuna. Er sá ágreiningur til úrlausnar hér.

II.

Af hálfu ákærðu er á því byggt í þessum þætti máls að ákærð ummæli í 1.-3. tölulið ákæru lúti að lang mestu leyti að meintu ástarsambandi A og B og að þau ummæli beri að skýra í samhengi við Facebook færslur ákærðu í heild dagana 9. og 10. febrúar 2023, en þar geri hún ástarsambandi dómaramanna tveggja ítarlegri skil en fram komi í ákæru og eigi þau skrif hennar í heild brýnt erindi við almenning, enda um

hjúskapar- og siðferðisbrot að ræða af hálfu sömu dómara. Við aðalmeðferð máls hafi komið fram augljóst misræmi í framburði A og B um meint ástarsamband; A staðhæft að hún og B hafi aldrei átt í ástarsambandi á meðan B hafi skorast undan því að tjá sig um sama atriði á grundvelli 1. mgr. 118. gr. laga nr. 88/2008. Verjandi ákærðu hafi nú heimildir fyrir því að A hafi fyrir aðalmeðferð máls reynt að fá B til að synja fyrir meint ástarsamband, en hann þess í stað kosið að tjá sig ekki. Í ljósi hinna nýju upplýsinga sé nauðsynlegt að A og B komi aftur fyrir dóm svo spyrja megi þau um misræmi í dómsframburði þeirra, þ.e. hvort A hafi reynt að hafa áhrif á dómsframburð B, spyrja þau betur um meint ástarsamband og það með hliðsjón af því að nú sé upplýst að C samdómari A hafi skrifað framlagt bréf til Dómstólasýslunnar 13. júlí 2018. Í ljósi sömu staðreyndar telji ákærða brýnt að C komi fyrir dóm svo upplýsa megi betur um lauslæti A og ástarsamband hennar og B, en framburður C sé lykilatriði við úrlausn sakarefnis þessa máls og því megi ekki synja ákærðu um þá sönnunarfærslu, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, enda meginregla opinbers réttarfars að leiða skuli hið sanna og rétta í ljós og upp séu komnar breyttar forsendur fyrir niðurstöðu Landsréttar í máli nr. 433/2025.

III.

Af hálfu ákæruvaldsins er á því byggt að engin haldbær rök séu fram komin fyrir því að aðalmeðferð verði endurtekin með skýrslugjöf vitna. Þess í stað beri að endurtaka munnlegan málflutning samkvæmt reglum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Málið sé meintu ástarsamband A og B alls óviðkomandi og geti munnleg sönnunarfærsla um slíkt samband bersýnilega enga þýðingu haft við úrlausn sakarefnis samkvæmt 1.-3. ákærulið. Þess utan hafi A og B komið fyrir dóm við aðalmeðferð 16. janúar sl., ákærðu gefist tækfæri til að spyrja þau um allt sem máli kann að skipta og sé ekkert nýtt og haldbært komið fram eftir dómstöku sem réttlætt geti að leiða þau aftur fyrir dóm til skýrslugjafar. Sú viðbára að halda fram misræmi í vitnisburði A og B sé fyrirséð og byggji á meintum heimildarmanni eða -mönnum verjanda ákærðu um að A hafi reynt að fá B til að bera á annan veg en hann gerði. Þannig telur ákæruvaldið að boðuð sönnunarfærsla sé bersýnilega tilgangslaus fyrir úrslit þessa máls og því beri dómara að synja um hana samkvæmt 3. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008.

Ákæruvaldið telur sömu sjónarmið eiga við um þá kröfu ákærðu að C verði leidd fyrir dóm til skýrslugjafar, enda geti C ekkert upplýst um sakarefni máls samkvæmt 1.-3. tölulið ákæru og ekki borið af eigin raun „um málsatvik“ í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 88/2008. Hvað sem líði efni óundirritaðs bréfs til Dómstólasýslunnar, því hvort C hafi komið að ritun bréfsins og því hvort hún geti borið um eigin upplifun á meintu ástarsambandi A og B, standi eftir að C geti ekki svarað spurningum fyrir dómi um það sakarefni sem ákært er fyrir. Beri þegar af þeirri ástæðu að synja um þá kröfu ákærðu að C komi fyrir dóm vegna málsins, sbr. 1. mgr. 116. gr. og 3. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008.

IV.

Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, framburður vitna og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt 2. mgr. metur dómari enn fremur, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það.

Í 3. mgr. 110. gr. segir að ef dómari telur bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaus til sönnunar geti hann meinað aðila um sönnunarfærslu.

Samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 116. gr. er hverjum manni, sem orðinn er 15 ára, lýtur íslenskri lögsögu og er ekki ákærði eða fyrirsvarsmaður hans, skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara munnlegum spurningum um málsatvik.

Samkvæmt 126. gr. metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls og skal í því sambandi meðal annars huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotaþola, hagsmunum vitnis af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástand og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.

Framangreind lagaákvæði ber að skýra með hliðsjón af 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem tryggja rétt hvers manns til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Um lágmarksréttindi sakbornings í því sambandi segir í d. lið 2. mgr. 6. gr. að sakborningur skuli fá að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Þá skuli tryggt að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og vitni sem leidd eru gegn honum. Af 6. gr. er leidd sú meginregla íslensks sakamálaréttarfars að leitast skuli við að leiða hið sanna í ljós og upplýsa hvert mál undir rekstri þess.

V.

Til skýringar á 109. gr. laga nr. 88/2008 þykir rétt að geta þess að bein sönnun í skilningi 1. mgr. lýtur að því að vitni skýri frá því að það hafi sjálft orðið sjónarvottur að þeim refsiverða verknaði sem ákært er fyrir. Hins vegar telst það óbein sönnun í skilningi 2. mgr. ef vitni vísar til þess að hafa hlýtt á frásögn annars vitnis um hinn refsiverða verknað og ber um þá skynjun sína.

VI.

Í máli þessi háttar þannig til að ákærða reiddist dómi sem A kvað upp 9. febrúar 2023 og skrifaði sama dag og næsta dag á eftir þau ummæli á Facebook síðu sinni sem ákært er fyrir. Engin vitni voru að þeim skrifum. Ákærða hefur frá upphafi gengist við skrifunum. Leikur þannig enginn vafi á því að ákærða skrifaði meðal annars á Facebook síðuna að A sé lauslát mella sem seldi blíðu sína til að komast í stöðu dómara, að A hafi falsað framburð vitna fyrir dómi í viðkomandi máli, hún þannig misnotað dómsvald til að hefna sín á borgurum, tekið þátt í „plotti“ gegn ákærðu og eftir beiðni hagrætt sakfellingardómi 9. febrúar 2023.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir á ákæruvaldinu sönnunarbyrði um að tilgreind ummæli og önnur í 1-3. ákærulið, sem eru sakarefni þessa máls, feli í sér refsiverðar ærumeiðingar og ærumeiðandi aðdróttanir í skilningi 234. gr., 235. gr. og/eða 1. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu sögðu fær dómurinn ekki annað séð en að sönnunarfærsla lúti fyrst og fremst að því hvort ákærð ummæli teljist refsiverð. Að því sögðu fær dómurinn ekki séð að A geti varpað meira ljósi á sakarefni máls en fram kom við skýrslugjöf hennar fyrir dómi 16. janúar sl., en þann dag vísaði A á bug öllu því sem fram kemur í Facebook skrifum ákærðu. Sama dag kom B fyrir dóm, færðist undan að svara spurningum um meint ástarsamband hans og A og vísaði í því sambandi til 1. mgr. 118. gr. laga nr. 88/2008. Dómurinn féllst á sjónarmið B þar að baki og það gerðu sækjandi og verjandi einnig.

Af málflytningi verjanda verður ráðið að fyrirhugað sé að leiða A og B aftur fyrir dóm í ljósi nýrra upplýsinga verjandans um að A hafi reynt að fá B til að synja fyrir meint ástarsamband þeirra á árunum 2017-2018, en hann þess í stað kosið að tjá sig ekki. Að mati verjanda felist í því „augljóst misræmi“ sem greiða þurfi úr, auk þess sem spyrja þurfi þau betur um meint ástarsamband. Fyrir liggur að A var skipuð í dómaraembætti frá og með [...] og er því ekki lengur haldið fram af hálfu ákærðu að A hafi selt blíðu sína til að hljóta þá skipun. Að því gættu, dómsframburði A og B og hvað sem líður efni óundirritaðs bréfs til stjórnar Dómsstólasýslunnar 13. júlí 2018 um meint ástarsamband A og B fær dómurinn ekki séð að nokkur þau rök hafi verið færð fram fyrir því að rétt sé að kveðja A og/eða B fyrir dóm að nýju. Þykir því verða að synja um þá kröfu ákærðu, sbr. 3. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákærðu er einnig boðað að leiða C samdómara A fyrir dóm í því skyni að hún tjái sig um tilgreint bréf til Dómsstólasýslunnar og upplýsi eftir atvikum um meint lauslæti A og ástarsamband hennar og B. Að því gættu sem frá greinir í V. kafla dómsins verður ekki ráðið af málalíbúnaði ákærðu að nefnd C sé eða geti verið beint eða óbeint vitni að Facebook skrifum ákærðu dagana 9.-10. febrúar 2023. Þess utan fær dómurinn ekki séð að C geti, með vitnisburði fyrir dómi, varpað ljósi á þau málsatvik og það sakarefni sem ákært er fyrir og hér eru til úrlausnar, 1. mgr. 116. gr. laga nr. 88/2008. Að því sögðu og að gættri þeirri meginreglu að leitast skuli við að leiða hið sanna í ljós um sakarefni máls þykir einnig verða að synja um þá kröfu ákærðu að C beri vitni í málinu, sbr. 3. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008.

Úrskurðurinn er kveðinn upp af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu ákærðu um að leiða A, B og C fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð máls.